

AUGLÝSING

um breyting á ræktunarsamþykktum á félagssvæði Búnaðarsambands Austurlands.

Ræktunarsambönd á félagssvæði Búnaðarsambands Austurlands hafa samkv. heimild í lögum nr. 7 12. janúar 1945, og að fengnu samþykki Búnaðarsambands Austurlands, hækkað stofnsjóði sína sem hér segir:

1. Jarðræktarsamþykkt fyrir Fáskrúðsfjörð og Suðurbyggð Reyðarfjarðar (11. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Austurlands), frá 23. febrúar 1949.
Stofnsjóður er með auglýsingu útgefinni 9. október 1950 hækkaður úr kr. 60 000.00 í kr. 100 000.00.
2. Jarðræktarsamþykkt fyrir Búlandshrepp og Geithellnahrepp í Suður-Múlasýslu (14. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Austurlands), frá 26. janúar 1949.
Stofnsjóður er með auglýsingu útgefinni 20. október 1950 hækkaður úr kr. 60 000.00 í kr. 88 000.00.
3. Jarðræktarsamþykkt fyrir Vopnafjörð í Norður-Múlasýslu (2. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Austurlands), frá 25. janúar 1949.
Stofnsjóður er með auglýsingu útgefinni 24. nóvember 1950 hækkaður úr kr. 70 000.00 í kr. 200 000.00.
4. Jarðræktarsamþykkt fyrir Örafi í Austur-Skaftafellssýslu (17. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Austurlands), frá 8. desember 1947.
Stofnsjóður er með auglýsingu útgefinni 8. desember 1950 hækkaður úr kr. 30 000.00 í kr. 151 000.00.
5. Jarðræktarsamþykkt fyrir Stöðvarhrepp í Suður-Múlasýslu (12. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Austurlands), frá 23. maí 1949.
Stofnsjóður er með auglýsingu útgefinni 22. desember 1950 hækkaður úr kr. 45 000.00 í kr. 60 000.00.
6. Jarðræktarsamþykkt fyrir Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu (5. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Austurlands), frá 23. maí 1949.
Stofnsjóður er með auglýsingu útgefinni 22. desember 1950 hækkaður úr kr. 60 000.00 í kr. 150 000.00.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. desember 1950.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

um breyting á jarðræktarsamþykkt fyrir Búnaðarsamband Strandamanna, nr. 177 frá 31. des. 1946.

Annar töluliður upptalningar í 18. gr. samþykktarinnar orðist svo:
2. samþykktarsvæði kr. 100 000.00.

Ræktunarsamband Búnaðarfélags Fellshrepps, Búnaðarfélags Kirkjubólshrepps, Búnaðarfélags Hólmavíkshrepps og Búnaðarfélags Hrófbergshrepps (2. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Strandamanna), hefur með samþykkt staðfestri 24. nóvember 1950 hækkað stofnsjóð sinn í samræmi við ofanskráða breyting á jarðræktarsamþykkt Búnaðarsambands Strandamanna.